Miðvikudaginn 22. júní 1994.

Nr. 189/1994. **Robert William Becker**
(Ásgeir Thoroddsen hrl.)
gegn
Guðrúnu Arndísi Tryggvadóttur
(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Málskostnaðartrygging.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1994. Við þingfestingu málsins 1. júní 1994 var þess krafist af hálfu stefndu, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu. Að öðrum kosti yrði málinu vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefndu verði hafnað og málinu frestað til október 1994.

Rök stefndu eru þau, að áfrýjandi sé búsettur í Bandaríkjunum og að menn, búsettir hér á landi, séu ekki undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í heimalandi áfrýjanda. Kröfur sínar byggir stefnda á a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefndu mótmælt og því haldið fram, að búseta áfrýjanda erlendis breyti engu um getu hans til greiðslu málskostnaðar, að sækja megi málskostnaðinn til áfrýjanda í heimalandi hans og að stefndu hafi ekki þótt ástæða til að krefjast málskostnaðartryggingar, þegar málið var til meðferðar fyrir héraðsdómi.

Áfrýjandi er búsettur Bandaríkjunum. Í málinu er ágreiningur um hjónaskilnað, forsjá barns og önnur skilnaðarkjör. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 ber að taka til greina kröfu stefndu um, að áfrýjanda verði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu, enda er ekki vitað til, að menn, búsettir á Íslandi, séu undanþegnir því að setja slíka tryggingu í heimalandi áfrýjanda. Fjárhæð tryggingarinnar þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur.

Skal hún vera í formi peninga eða bankaábyrgðar og hæstaréttarritara afhent skilríki fyrir tryggingunni innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.

Á l y k t a r o r ð:

Áfrýjanda, Robert William Becker, er skylt að setja tryggingu, að fjárhæð 200.000 krónur, fyrir greiðslu málskostnaðar í hæstaréttarmálinu nr. 189/1994. Ber honum að leggja tryggingguna fram í formi peninga eða bankaábyrgðar innan tveggja mánaða frá uppkvaðningu úrskurðar þessa.